

77. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 17. apríl 2007 í Stykkishólmi.

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Sigurður Þórólfsson, Þórólfur Halldórsson, Eiríkur Snæbjörnsson og Róbert A. Stefánsson.

Magnús A. Sigurðsson boðaði forföll um morguninn vegna veikinda.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Fundur settur kl. 11:00.

Dagskrá:

Vör – Sjávarrannsóknasetur við Breiðafjörð

Erla Björk Örnólfsdóttir, forstöðumaður sjávarrannsóknasetursins Varar í Ólafsvík var gestur fundarins og kynnti fyrir nefndarmönnum þau verkefni sem nú eru í gangi hjá setrinu og sagði frá þeim verkefnum sem fyrirhugað er að vinna á næstunni.

Tómas Grétar Gunnarsson og Jón Einar Jónsson frá Háskólasetri Snæfellsness og Menja von Schmalensee frá Náttúrustofu Vesturlands voru viðstödd kynninguna.

Formaður þakkaði Erlu kynninguna.

Erla vék af fundi kl. 12:44.

Fundargerð 76. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt.

Fyrirspurn um tillögu að verndarsvæði Breiðafjarðar

Lagt var fram erindi frá Grundarfjarðarbæ, dagsett 15. mars 2007. Í erindinu er spurt fyrir um það hvenær gera megi ráð fyrir að tillaga um verndarsvæði Breiðafjarðar verði gerð opinber.

Afgreiðsla: Vinna við Verndaráætlun er á lokastigi og sveitarfélögunum verða send drög að henni til umsagnar þegar nefndin hefur lokið vinnu sinni.

Vertshús, Flatey. Bakhús.

Afrit af bréfi Húsafríðunarnefndar ríkisins til Skipulags- og byggingafulltrúa Dala- og A-Barðastrandarsýslu, Árnes og Broddaneshrepps, dags. 26. mars 2007, var lagt fram til kynningar.

Vindmylla í Langey

Erindi Umhverfisstofnunar, dags. 10. apríl 2007 var lagt fram. Í erindinu var óskað eftir álitni nefndarinnar á umsókn Axels Helgasonar um að byggja vindmyllu í Efri-Langey á Breiðafirði.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemdir við uppsetningu á umræddri vindmyllu í Efri-Langey.

Áætlun um æskilegar rannsóknir á náttúru Breiðafjarðar

Lagt var fram til kynningar minnisblað frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofu Vesturlands og Náttúrustofu Vestfjarða. Fram kemur að undirbúningsfundur fyrir væntanlega ráðstefnu sérfræðinga, sem til stendur að halda í haust, verði haldinn fljótlega og að tillögum um framkvæmd ráðstefnunnar verði skilað til Breiðafjarðarnefndar fyrir 31.

maí nk. Tómas Grétar Gunnarsson, forstöðumaður Háskóla­seturs Snæfellsness, hefur tekið að sér að leiða undirbúningsvinnu vegna ráðstefnunnar. Auk Tómasar verða á undirbúningsfundinum Róbert A. Stefánsson frá Breiðafjarðarnefnd og Náttúrustofu Vesturlands, Menja von Schmhalensee frá Náttúrustofu Vesturlands, Guðmundur A. Guðmundsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Þorleifur Eiríksson frá Náttúrustofu Vestfjarða og Erla Björk Örnólfsdóttir frá Sjávarrannsóknasetrinu Vör.

Minnispunktur frá fundi formanns með fornleifafræðingum frá Fornleifastofnun Íslands

Friðjón lagði fram til kynningar minnispunkta frá fundi Adolfs Friðrikssonar og Guðrúnar Öldu Gísladóttur fornleifafræðinga hjá Fornleifastofnun Íslands með Friðjóni Þórðarsyni formanni Breiðafjarðarnefndar þann 27. mars sl.

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2007-2016

Fyrsti hluti verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð var samlesinn og yfirfarinn af nefndarmönnum.

Afgreiðsla: Yfirferð yfir verndaráætlunina verður haldið áfram á næsta fundi, sem haldinn verður mánudaginn 7. maí 2007.

Fundi slitið kl. 15:40.

Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 7. maí 2007.